

5
23. febr.

S A M Þ Y K T

um

lendingarsjóð í Stokkseyrarveiðistöð.

Sýslunefndin í Árnessýslu hefir samkvæmt lögum nr. 86, 14. nóv. 1917, gjört, og hjeraðsfundur fallist á, eftirfylgjandi samþykkt um lendingarsjóði í Stokkseyrarveiðistöð.

1. gr.

Af bifbátum alt að 15 smálestum, er ganga til fiskveiða í Stokkseyrarveiðistöð, skal greiða í lendingarsjóð 2 kr. af hverjum vetrarvertíðarhlut, og 1 kr. af hverjum vetrarvertíðarhlut róðrabáta.

2. gr.

Hreppstjóri innheimti gjald þetta; greiðir formaður það í peningum af óskiftum afla fyrir 1. maí ár hvert. Innheimtumaður fær 2% í innheimtulaun. Taka má gjald þetta lögtaki, sje það eigi greitt á rjettum tíma.

3. gr.

Hreppstjóri semur skýrslu yfir alla þá, er gjald þetta eiga að greiða, og sendir hana oddvita sýslunefndar ásamt gjaldinu, fyrir 15. júlí ár hvert.

4. gr.

Gjaldið skal ávaxtað í sjerstökum sjóði, er nefnist Lendingarsjóður Stokkseyrarveiðistöðvar. Annast sýslunefndin um, að sjóðurinn sje ávaxtaður á sem tryggastan og haganlegastan hátt.

5. gr.

Fje sjóðsins skal varið til að bæta leiðir, leiðarmerki og lendingu í Stokkseyrarveiðistöð. Sýslumaður, í umboði sýslunefndar, ákveður eftir tilögum nefndar, er formenn í veiðistöðinni kjósa á ári hverju til að hafa umsjón með leiðum, leiðarmerkjum og lendingu á samþyktarsvæðinu, hvenær byrjað skuli að veita fje úr sjóðnum til lendingabóta, og hve mikið skuli veitt í hvert sinn.

Samþykkt þessi er hjermeð staðfest til að öðlast þegar gildi, og birt til eftirbreytni öllum, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 23. febrúar 1924.

Kl. Jónsson.

Vígfús Einarsson.